

Alþingi
Erindi nr. Þ 132/290
komudagur 30.11.2005



**LANDSSAMBAND
ÍSLENSKRA
ÚTVEGSMANNA**

Borgartúni 35
105 Reykjavík
Sími: 591 0300
Fax: 591 0301
www.liu.is

Nefndasvið Alþingis
v. sjávarútvegsnefndar
Austurstræti 8-10
150 Reykjavík

nefndasvid@althingi.is

Reykjavík 28.11.2005.

Efni: Umsögn um tillögu til þingsályktunar um skipan nefndar sem meti kosti og galla færeyska fiskveiðistjórnarkerfisins. Þskj. 27 – 27. mál.

Við höfum fengið til umsagnar tillögu til þingsályktunar um skipan nefndar sem meti kosti og galla færeyska fiskveiðistjórnarkerfisins sem flutt er af Magnúsi Þór Hafsteinssyni, Guðjóni A. Kristjánssyni og Jóni Gunnarssyni.

Rétt er að taka fram að við lítum svo á að þegar flutningsmenn nefna “færeyska fiskveiðistjórnarkerfið” sé átt við sóknarkvótafyrirkomulag sem Færeyingar nota við veiðar á botnfiski á heimamiðum. Eins og kunnugt er styðjast Færeyingar við aflamarkskerfi við veiðar á uppsjávarfiski og botnfiskveiðar í Barentshafi, en í þessum veiðigreinum gengur Færeyingum best um þessar mundir.

Um sóknarkvótafyrirkomulag hefur mikið verið rætt og ritað, auk þess sem dýrkeypt reynsla hefur fengist af því, m.a. á Íslandi. Bæði er að sóknarkvótafyrirkomulag er mun óhagkvæmara en aflamarksfyrirkomulag og eins getur það leitt til ofveiði á ákveðum tegundum þegar um blandaðar veiðar er að ræða eins og við botnfiskveiðar við Ísland og Færeyjar.

Það er lýsandi fyrir tillöguna að ekki er gert ráð fyrir aðild hagsmunaaðila að þeirri nefnd sem lagt er til að skipuð verði til að nálgast megi “viðfangsefnið á hlutlausan hátt”. Engu að síður er gert ráð fyrir því að Frjálslyndi flokkurinn eigi fulltrúa í nefndinni og hlýtur hverjum manni með því að vera ljóst hver trúverðugleiki tillöguflutningsins er að þessu leyti. Þá er því haldið fram að “fiskistofnar við Færeyjar virðast einnig hafa spjarað sig þokkalega almennt undir þeirri veiðistýringu sem viðhöfð er við Færeyjar.” Því miður er þorskstofninn við Færeyjar í mikilli lægð um þessar mundir.

Þótt almennt sé jákvætt að fjalla um aðferðir við fiskveiðistjórnun leggjumst við alfarið gegn því að fjámunum sé kastað á glæ með þeim hætti sem hér er lagt til, sérstaklega þar sem hér er um peninga Verkefnasjóðs sjávarútvegsins að ræða. Þeirra peninga er þörf til ýmissa mikilvægra verkefna.

Virðingarfyllst,

f.h. Landssambands íslenskra útvegsmanna

Friðrik J. Arngrímsson framkvæmdastjóri